


**Samtök ferðapjónustunnar**

Borgartún 35  
105 Reykjavík  
Sími: 511 8000  
Símbréf: 511 8008  
www.saf.is  
Netfang: info@saf.is

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 128/1643*  
*komudagur 11.3.2003*



Nefndasvið Alþingis,  
Austurstræti 8-10,  
150 Reykjavík

Reykjavík 8. mars 2003


**Efni: Tillaga til þingsályktunar um niðurfellingu landingargjalda fyrir reglubundið millilandaflug á Akureyri og Egilsstaðaflugvöllum.**

Samtök ferðapjónustunnar fagna jafnan hverri tillögu sem stjórnvöld leggja fram sem miða að því að bæta rekstrarumhverfi íslenskra fyrirtækja og stuðla að fjölgun erlendra ferðamanna til landsins.

Það er þó nauðsynlegt að benda á að engin heimild er til þess í lögum um loftferðir að leggja á mismunandi landingargjöld á sama flugvelli eftir því hvort fyrirtæki reka innanlandsflug eða millilandaflug. Þess má að auki geta að slík mismunun hefur víða verið kærð á Evrópska efnahagssvæðinu og mál tapast þess vegna.

Niðurfelling landingargjalda hlýtur því að þurfa að ná til allra þeirra fyrirtækja sem lenda á viðkomandi flugvelli hvort sem um innanlandsflug eða millilandaflug er að ræða.

Virðingarfyllt  
f.h. Samtaka ferðapjónustunnar

  
Erna Hauksdóttir  
framkvæmdastjóri